

# Apríl Pési

159.tbl. 13. Árgangur apríl 2003  
Útgefandi Hrunamannahreppur.  
Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir  
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410  
GSM.869-3094  
E-mail hruni@mmedia.is

## Ágætu lesendur!

Nú eru páskar á næsta leiti og vor í lofti.

Og þá er bara að vona að ekki séu páska og vorhret framundan.....

Þessi apríl Pési er fullur af margs konar efni, og verður án efa lesinn spjaldanna á milli eins og fyrri Pésar.

Í maí er stefnt að því að blaðið komi út 14. maí og skilafrestur á efni er til 10.maí..

Gleðilega páska!  
Ritstjóri

## Frá sundlauginni á Flúðum. (Gildir til 23. maí)

### Opnunartími:

Mánudaga til fimmtudaga	18:00-22:00
Föstudaga	17:00-21:30
Laugard og sunnudaga	13:00-18:00

## Frá Búnaðarbankanum Flúðum.

Opnunartímar.

Alla virka daga frá kl. 11:15 – 16:00

opið í hádeginu.

Bankastjóri mætir miðvikudagsmorgna.

Hraðbankinn er alltaf opinn.

## VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

## Daglegar ferðir REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk., AÐALFLUTNINGAR  
ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík: mánud - fimmtud. kl. 17.00  
og föstud. kl. 16.00.

Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson  
Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.

## **BÓN---PRIF**

Tek að mér bón, þvott eða alþrif á bílnum þínum.

Nota einugis hágæða bílabón og hreinsivörur.

Vönduð vinna góð þjónusta.

Fólksbíll: bón= 2500,-alþrif= 3500

Jeppi: “ 3000,-alþrif= 4000

(verðsamkomulag á teflonbóni)

Get sótt bílinn ef þörf krefur.

**Uppl og pantanir í síma 866-9633 Erlingur Þór**

## **BARNAPÍA ÓSKAST.**

Óskum eftir stelpu til að gæta 4. ára stelpu í sumar.

Upplýsingar í síma 486-6709 og 865-3577

### **Hár-Hrun**

Verðum í Félagsheimili Hrunaman

föstudagana

25 apríl,

9.maí og 23..maí.

Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084



## **FLÚÐALEIÐ ehf.**

Vöruflutningar

**ferðaáætlun**

þriðjudaga - fimmtudaga - föstudaga

brottför frá VM kl 15:00

Frá: **VM-Flytjandi** flutningamiðstöðinni.

Klettagörðum 15, Reykjavík.

**VINSAMLEGAST PANTIÐ DEGI ÁÐUR**

Pálmar: 892-2370 Birgir Þór: 892-2371

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: [fludal@binet.is](mailto:fludal@binet.is)

**Flytjandi**

- á réttri leið

## Fyrsti golfskólinn á Íslandi

### Athugið!!!!!!

Læknir frá Heilsugæslustöðinni í Laugarási verður til viðtals í Heimalandi kl 14:00  
**fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði í vetur.**

## **Diddú á Sönghátíð Hrunamanna 30. apríl 2003.**

Kirkjukór Hrunaprestakalls stendur fyrir **Sönghátíð Hrunamanna 30. apríl n.k. í Félagsheimili Hrunamanna og hefst samkoman kl. 20:30**

Eftirtaldir koma fram á sönghátíð:

Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) syngur við undirleik Miklos Dalmay, einnig syngur hún með kórnum okkar.  
Yngrikór Flúðaskóla og Kór Flúðaskóla  
Karlakór Hreppamanna  
Kirkjukór Hrunaprestakalls  
Allir kórarnir syngja undir stjórn Edit Molnar og við undirleik Miklos Dalmay.

Aðgangseyrir kr. 1000. Frítt fyrir grunnskólabörn og yngri. Allur ágóði af samkomunni rennur í ferðasjóð Kirkjukórsins.

Kirkjukórinn þakkar frábærar viðtökur við bollusölu og fjáröflunarsamkomu í vetur og vonast til að sjá sem flesta á Sönghátíð.

Dagana 25. – 30. júní næstkomandi mun Golfklúbburinn Flúðir setja á fót fyrsta golfskólann á Íslandi. Um er að ræða kennslu frá miðvikudegi til mánudags undir leiðsögn golfkennarans Denise Hastings, sem ætti að vera orðin Íslendingum kunn. Denise hefur komið hingað til lands undanfarin ár og kennt í fjölmörgum golfklúbbum við mjög góðar undirtektir íslenskra kylfinga.

Vegna þess hve vel hefur tekist til með komur Denise hingað til lands, ákvað hún í samstarfi við Golfklúbbinn Flúðir að bjóða upp á nokkurra daga námskeið fyrir þá sem vilja. Á kennslutímanum mun Denise fara yfir flestar hliðar golfþróttarinnar, svo sem upphafshöggin, stutta spilið, púttin og glompuhöggin.

Kennslufyrirkomulagið verður með þeim hætti að boðið verður upp á þriggja klukkstunda kennslu í senn, bæði fyrir og eftir hádegi. Nemendur geta ráðið því hve mikla kennslu þeir vilja, allt frá hálfum degi upp í fjögurra daga kennslu.

Dagana 25. og 26. júní verður aðeins boðið upp á kennslu fyrir byrjendur og er þá átt við þá kylfinga sem hafa 36 í forgjöf eða þá alls enga forgjöf. Þeir sem sækja kennslu fyrstu tvo dagana geta síðan haldið áfram næstu daga ásamt þeim sem lengra eru komnir.

Æfingaaðstaðan á Flúðum, sem boðið verður upp á, er til fyrirmyndar en hún samanstendur af æfingasvæði fyrir lengri högg, stórrri sandgryfju með háum bakka fyrir glompuhöggin ásamt æfingaföt fyrir púttin og stutta spilið.

Eins og áður sagði, geta kylfingar valið hve mikla kennslu þeir vilja fá og er verðið fyrir þriggja klukkustunda kennslu kr. 3.500 en fyrir sex klukkustundir kr. 7.000. Kennsla verður dagana 25. – 30. júní sem hér segir:

**Mið. 25. júní:** kl. 9 – 12 og 13 – 16

**Fim. 26. júní:** kl. 9 - 12 og 13 – 16

**Fös. 27. júní:** kl. 9 – 12

## Opnunartími um páskana

**Lau. 28. júní:** kl. 14 – 17

**Sun. 29. júní:** kl. 9 – 12 og kl. 13 – 16

**Mán. 30. júní:** kl. 9 – 12 og kl. 13 – 16

Innifalið í verði eru frí afnot af golfvelliðum í lok kennsludags og kaffi eða te. Hægt er að skrá sig í golfskólann með því að hringa í golfskólann á Flúðum í síma 486-6454 eða 891-7811, eða með því að senda tölvupóst á netfangið [efrasel@selfoss.is](mailto:efrasel@selfoss.is).

Fyrir þá sem ætla sér að sækja kennslu í tvo daga eða fleiri má benda á, að hægt er að panta gistingu á Icelandair Hótel Flúðir en boðið verður upp á 10% afslátt af gistingu með morgunverði fyrir þá kyflinga sem sækja golfskólann. Gistingu er hægt að panta í síma 486-6630.

Denise Hastings golfkennari verður gestur á Midnight Sun Open golfmótinu sem verður haldið á Selsvelli (Flúðum) föstudaginn 27. júní n.k.

Þess má geta að Golfklúbburinn Flúðir hefur tekið í notkun nýtt merki sem er hannað af Birni Jónssyni, grafískum hönnuði hjá Fítan, auglýsingastofu.

Fröken Fix

Handverk á netinu

Nú er búið að bæta við fullt af nýju handverki á síðuna. ATH að allar trévörur er hægt að fá ómálaðar fyrir þá sem hafa gaman af að mála. Sjón er sögu ríkari.

Slóðin er [www.hi.is/~gudreir](http://www.hi.is/~gudreir)

**Frá Versl. Grund.**

16. apríl miðvikudagur kl. 08:30 – 19:00

17. apríl. skírdagur kl. 11:00 – 17:00

18. apríl. föstudagurinn langi LOKAÐ

19. apríl. Laugardagur kl. 10:00 – 20:00

20. apríl Páskadagur kl. 11:00 – 17:00

21. apríl. Annar í páskum kl. 11:00 – 17:00

24. apríl. Sumardagurinn fyrsti kl. 11:00 – 17:00

Gleðilega páska

Starfsfólk Versl. Grund

## Reiðskólinn Geldingaholti Par sem fagmennskan er í fyrirrúmi-

Námskeið hefjast eftir páska fyrir börn og fullorðna, Byrjenda og framhaldsnámskeið.

Alls konar námskeið í boði eftir óskum:

Hlýðni, hindrun, gangtegundir.....

Einnig grunnnámskeið fyrir börn frá 7 ára aldri.

Tímasetningar námskeiða eftir samkomulagi v/skóla.

Viku reiðnámskeið í sumar hefjast 10. Júní.

Leitið upplýsinga í síma 486-6055 / 861-7013

Lengi býr að fyrstu gerð

Rosemarie

# Sundlaugin Flúðum- OPNUNARTÍMI YFIR

## PÁSKA-

**SKÍRDAGUR, Fimmtudagur 17. apríl 13-18**

**FÖSTUDAGINN LANGA, 18. apríl**

**LOKAÐ**

**Laugardaginn 19. apríl 10-18**

**PÁSKADAG, Sunnudaginn 20. apríl**

**LOKAÐ**

**ANNAR Í PÁSKUM, Mánudaginn**

**21.apríl 13-18**

*Gleðilega páska Sundlaugarverðir*

Karлакór Selfoss verður með sína árlegu vortónleika í Félagsheimili Hrunamanna **3.maí** næstkomandi. Að tónleikum loknum verður haldinn dansleikur og það er hljómsveitin “ Vírus “ sem leikur fyrir dansi.

Allir velkomnir og við hlökkum til að sjá ykkur hress og kát að vanda.

**Karлакór Selfoss**

Nýtt Nýtt Nýtt

Á bókasafninu

Ferðabækur  
Matreiðslubækur

Peir sem geta ekki beðið eftir íslensku útgáfunni af síðustu bókinni um ævi Dave Pelzer(*Hann var kallaður þetta og Umkomulausi drengurinn*) ættu að lesa A Man Named Dave.

Einnig eru komnar ævisögur:

Kurt Cobain, Heavier than Heaven  
Madonna: An Intimate Biography  
Og saga Rolling Stones Old Guys Almost Dead

Opnunartímar í apríl:

**Lokað 17. apríl til og með 22. apríl**

**Opið 23.apríl**

**Lokað 24. apríl (Sumardaginn fyrsta)**

Bókavörður

## Fiskur Fiskur Fiskur

Erum með frábæran fisk frá Eyrarfiski á Stokkseyri til sölu. Það sem í boði er eru **lausfryst ýsuflok og útvatnaður saltfiskur** tilbúinn í pottinn. Fiskurinn er seldur í 5. Kg einingum og kostar einingin af ýsunni **2620 kr (524 kr/kg)** og einingin af saltfiskinum er á **3475 kr ( 695. kr/kg)**

Ef þið hafið áhuga endilega hafið samband.

Halldóra og Steini Fossi  
S: 486-6576 og 892-1276

### Frá Versl. Grund Flúðum

Opnunartími er sem hér segir:

Mánud-fimmtud. Kl: 8:30-19:00  
Föstudaga “ 8:30-20:00  
Laugardaga “ 10:00-20:00  
Sunnudaga “ 11:00-17:00

### **BÓN---ÞRIF**

Tek að mér bón, þvott eða alþrif á bílnum þínum.

Nota einugis hágæða bílabón og hreinsivörur.

Vönduð vinna góð þjónusta.

Fólksbíll: bón= 2500,-alþrif= 3500

Jeppi: “ 3000,-alþrif= 4000

(verðsamkomulag á teflonbóni)

Get sótt bílinn ef þörf krefur.

**Uppl og pantanir í síma 866-9633 Erlingur Þór**

## **Vorið er komið!**

Í Kaffi-Sel (golfskálanum) fást ljúffengar pizzur, hamborgarar, súpa og brauð og ýmsar aðrar veitingar. Kaffi-Sel verður opið á næstunni sem hér segir:

Apríl

Föstudagurinn 18. apríl (Föstudagurinn langi)	Kl. 10:00-20:00
Laugardagurinn 19. apríl	Kl. 10:00-20:00
Sunnudagurinn 20. apríl (Páskadagur)	Kl. 11:00-17:00

Mánudagurinn 21. apríl (Annar í páskum)	Lokað
Fimmtudaginn 24. apríl	Kl. 10.00 – 22.00
Föstudagurinn 25. apríl	Kl. 10.00 – 21.00
Laugardagurinn 26. apríl	Kl. 10.00 – 22.00
Sunnudagurinn 27. apríl	Lokað

## Maí

Fimmtudaginn 1. maí	Kl. 10.00 - 22.00
Föstudagana 2. maí og 9. maí	Kl. 10.00 – 22.00
Laugardagana 3. maí og 10. maí	Kl. 10.00 – 22.00
Sunnudagana 4. maí og 11. maí	Kl. 10.00 – 21.00

Verið velkomin.

Kaffi-Sel. **Sími 486-6454.**

### Fjölbreytt starfsemi kórs Flúðaskóla

Skólakór Flúðaskóla hefur starfað af miklum krafti í allan vetur. Frá áramótum hefur hann æft og unnið að margvíslegum verkefnum til þess að gera að veruleika ferð til Ungverjalands, heimalands kórstjórans, Editar Molnar.

Þessi kraftaverkakona hefur skipulagt ferðalag til Budapestar þar sem kórin syngur á stórtónleikum í maíbyrjun.

28. febrúar s.l. var langur æfingadagur kórsins í skólanum sem lauk með tónleikum í Flúðaskóla. Þar komu einnig fram nemendur Tónlistarskóla Árnesinga. Mánuði seinna 28.mars var BINGÓ í Félagsheimilinu sem Kirkjukór Hrunaprestakalls stóð fyrir. Þar söng okkar kór nokkur lög. Athygli vöktu kórdrengirnir sem sungu skörulega "Hraustir menn" eftir Rómberg ásamt karlakórnum og félögum sínum úr skólakórnum.

Kórar Selfoskirju héldu söngdag 5.apríl s.l. og buðu okkar kór ásamt kór Sólvallaskóla að taka þátt. Óhætt er að segja frá því að okkar fólk fékk einróma lof fyrir sína framgöngu og verðskuldaða athygli vakti sköruleg framganga kynnirins okkar Braga Viðars Gunnarssonar. Daginn eftir sungu krakkarnir við messu í Hrunakirkju.

Nú standa yfir æfingar fyrir Sönghátíð Hrunamanna sem verður 30 apríl n.k. Verður þá mikið um dýrðir. Gestur hátíðarinnar verður engin önnur en

söngstjarna Íslands Diddú, sem óhætt er að titla sem eftirlætissöngkonu þjóðarinnar.

Af þessu sést að skólakór Flúðaskóla gegnir veigamiklu hlutverki í menningarlífi hreppsins. Verður þeim sjálfsagt seint fullþakkað sem standa vörð um og hlúa að ómetanlegri listmenntun krakkanna okkar.

G. Margrét

## *Frá Kór Flúðaskóla*

*Miðvikudaginn 23 apríl síðasta vetrardag ætlum við að vera með dósa og flöskusöfnun.*

*Hugmyndin er að ferðast um hreppinn seinni part dagsins og vonumst við til að vel verði tekið á móti söfnurunum nú sem endranær.*

*Kórinn vill færa ykkur íbúar góðir bestu þakkir fyrir frábærar viðtökur, en í þeim tveimur ferðum sem farnar hafa verið í þessum tilgangi í vetur hafa safnast yfir tvö hundruð þúsund krónur.*

**TIL SÝNIS OG SÖLU AÐ HÖGNASTÍG 1  
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 898-3741**

## **TIL SÝNIS OG SÖLU AÐ HÖGNASTÍG 1 UPPLÝSINGAR Í SÍMA 898-3741**

### **Tilboð óskast.**

Landbúnaðarnefnd Hrunamannahrepps óskar eftir tilboðum í útvegum og öflun heyja fyrir fjallaskála sveitarfélagsins á afrétti Hrunamanna. Skálarnir eru þrír, Helgaskáli, Svínárnesskáli og skáli í Leppistungum. Óskað er eftir tilboði vegna notkunar á heyjum sumarið 2003.

### **Skil á tilboðum – opnun.**

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í lokuðu umslagi merkt **Hey á afrétt** eigi síðar en 30. apríl nk. kl. 14:00 en þar verða þau opnuð kl. 14:00 í viðurvist þeirra sem þess óska.

### **Vegalengdir, staðsetning, magn.**

Áætlað magn í útboði þessu er 10 tonn. Endanlegt magn ræðst þó að því hver notkun á skálunum verður í sumar. Skálarnir eru á afrétti Hrunamanna, og mælt frá Tungufelli þá eru 50 km í Leppistungur, 35 km í Svínárnes, og 25 km í Helgaskála.

### **Gæði og skyldur.**

Verktaki sér um að útvega heyið, flytja það í skálana og koma því þar fyrir. Í fyrstu skal miða við að 6 tonn fari í Helgaskála, 3 tonn í Svínárnes og 1 tonn í Leppistungur. Þetta er þó áætlað magn. Heyið skal vera gæða hey og í engum tilfellum eldra en eins árs. Verktaki ber ábyrgð á sinn kostnað á því að það hey sem hann afhendir í skálunum standist gæðakröfur. Ef hægt er skulu rúllur vera í minna lagi 200-300 kg, en það er ekki gert að skilyrði. Komi í ljós að hey vantar í skálana og magn er meira en áður hafði verið reiknað með þá getur verkkaupi óskað eftir því við verktaka



að fá meira hey á sömu verðum flutt á staðinn. Tilboðið skal innifela allan tilkostnað verktaka, hver sem hann er.

### Umsjón með verki.

Landvörður á Hrunamannafrétti mun hafa umsjón með verkinu fyrir hönd Hrunamannahrepps. Hann tekur á móti því heyi sem verktaki afhendir og metur ástand á heyrúllum. Ef ástæða er til gerir hann athugasemdir og skal þá verktaki útvega nýjar rúllur. Komi í ljós að rúllur stenst ekki gæða kröfur þá lætur landvörður verktaka vita og skal verktaki þá útvega á sinn kostnað nýja/ar rúllu/ur.

### Upplýsingar í tilboði.

Í tilboði verktaka skal skýrt koma fram hvaða stærð af rúllum hann býður, einingarverð pr. kg, og heildarverð miðað við 10 tonn, eða;

10.000 kg @ \_\_\_\_\_ kr/kg = \_\_\_\_\_ krónur.

Frekari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu Hrunamannahrepps.

### Til sauðfjáreigenda í Hrunamannahreppi. Hvernig komumst við hjá riðusmiti.

Reglur yfirdýralæknis, héraðsdýralæknis og  
landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps.

1. Öll verslun með sauðfé er stranglega bönnuð. Mikil smithætta fylgir öllum flutningum á sauðfé á milli bæja, sérstaklega á sauðburði, en þá er smithættan hvað mest. Afdrifaríkt getur einnig reynst að taka smálömb í fóstur.
2. Hægt er þó að fá undanþágu til kaupa á lambhrútum innan varnarhólfins milli Hvítár og Þjórsár, **utan Hrunamannahrepps**. Skriflegar umsóknir skulu sendar landbúnaðarnefnd, sem leitar samþykkis héraðsdýralæknis. Búfjárefirlitsmaður og héraðsdýralæknir hafa eftirlit með kaupunum og flutningi.
3. Skilyrðislaust skal tilkynna dýralækni um allar kindur sem sýna einhver óljós einkenni (þrífast ekki, afbrigðilega hegðun) eða drepast af óþekktum orsökum. Dýralæknir

metur hvort skoða þurfi kindina eða taka sýni. Þessi skoðun er bændum að kostnaðarlausu.

4. Allt sauðfé skal vera einstaklingsmerkt með ljósbláu eyrnamerki sem sýnir bæjarnúmer og einstaklingsnúmer. Á fjall má engin sauðkind fara ómerkt. Allt fé skal skráð í fjarbækur þar sem gerð er m.a. grein fyrir uppruna, veikindum og afdrifum.
5. Þegar flutt er á afrétt skal hreinsa flutningstæki á milli bæja, æskilegt er að flytja féð frá hverjum bæ í striklotu. Hreinsun skal fara fram á þar til viðurkenndu þvottaplani. Hreinsa skal með háþrýstidælu eða sambærilegu og sóttthreinsa með td Virkon.
6. Öll sameiginleg jarðvinnutæki sem og haugtæki sem notuð eru við útkeyrslu á sauðfé/skít skal þvo með háþrýstidælu eftir notkun.
7. Skorað er á sauðfjárændur að viðhalda girðingum þannig að fé komist ekki úr heimahögum.
8. Bændur skulu umsvifalaust smala ókunnugu fé sem leitar í heimalönd, taka það sér, en ekki skal hýsa það meira en brýn þörf krefur. Tilkynna verður fé strax til eigenda, sem skal sækja kindurnar tafarlaust.

Árið 2003, 2. apríl kl. 14.00 hófst fundur í Hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Fundurinn var haldinn í fundarsal hreppsnefndar Akurgerði 6.

Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Borgþór Vignisson og Unnar Gíslason og sveitarstjóri Ágúst Kr. Björnsson.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð.

#### **Fundargerð veitustjórnar Hitaveitu Flúða haldinn 1. apríl 2003.**

Fundargerð veitustjórnar lögð fram. Nokkrar umræður urðu um dagskrárlið nr. 1 um fund sem haldinn verður á morgun 3. apríl um fyrirhugaða sameiningu veitufyrirtækja á Suðurlandi.

Hreppsnefnd er sammála tillögu veitustjórnar þess efnis að halda þessum viðræðum áfram með undirritun viljayfirlýsingu að því tilskyldu að fyrir liggi álit lögmanns hreppsins.

Varðandi dagskrárlið nr.2. lántöku Hitaveitu Flúða að fjárhæð kr. 2.000.000.- þá samþykkir hreppsnefnd lántökuna með þremur atkvæðum H-lista, fulltrúar A-lista sátu hjá.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir aðalfundi Hitaveitu Grafarhverfis sem haldinn var 14. mars sl.

Að öðru leyti er fundargerð veitustjórnar lögð fram.

#### **Fundur leikskólanefndar haldinn 25. mars 2003.**

Oddviti lagði til að fresta afgreiðslu dagskrárliðar nr. 1b varðandi útskrift elstu barna leikskólans, og óska eftir frekari upplýsingum frá leikskólanefnd varðandi þetta mál.

Samþykkt samhljóða.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram.

#### **Fundur brunamálanefndar haldinn 10. mars 2003.**

Varðandi dagskrárlið nr. 8, tillögu brunamálanefndar um að selja Bedford vatnsbíl sem talin er ónothæfur nema fram fari umfangsmiklar endurbætur á honum. Sveitarstjórn er sammála því að selja bílinn og að hann verði auglýstur til sölu.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram.

#### **Fundur USU nefndar haldinn 6. mars 2003.**

Bréf félags sumarhúsaeigenda í Svanabyggð dags. 7. febrúar 2003 lagt fram á fundinum. Í fundargerð USU nefndar er spurningum félagsins svarað.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að láta lagfæra nafnamerkingum gatna á Flúðum.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram.

#### **Fundargerð vegna fundar Byggingarnefndar Árnessýslu 25. mars sl.**

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ítreka við byggingarfulltrúa að embættið boði varamann til fundar ef aðalmaður hefur ekki tök á að mæta á fundinn. Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

#### **Bréf Kvenfélags Hrunamannahrepps vegna Ársfundar SSK.**

Í bréfinu er óskað eftir því að sveitarsjóður kosti kvöldverð á ársfundi Sambands sunnlenskra kvenna þann 17. maí nk. Hreppsnefnd er sammála um að verða við erindinu enda löng hefð fyrir því að sveitarstjórnir á Suðurlandi kosti þennan kvöldverð félagsins.

#### **Bréf samgöngunefndar SASS – ósk um tillögur-samgöngubætur.**

Hreppsnefnd er sammála um að vísa erindinu til USU nefndar og óska þess að nefndi leggi fyrir hreppsnefnd tillögur sínar um samgöngubætur til frekar umfjöllunar í hreppsnefnd.

#### **Minnisblað vegna fundar sveitarstjóra í Búrfelli 18. mars 2003.**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fundi sem haldinn var í Búrfelli 18. mars 2003 með fulltrúum Landskirkjunnar og fulltrúum frá Slökkviliði Gnúpverja og Hrunamanna og Brunavörnum Rangárvallasýslu um brunavarnir á Þjórsár- og Tungnársvæði.

## **Skógræktarfélag Árnesinga – beiðni um styrk.**

Hreppsnefnd telur sér ekki fært að sinni að styrkja félagið.

### **19. verkfundur vegna nýbyggingar leikskóla.**

Fundargerðin lögð fram.

### **5. verkfundur vegna byggingar miðlunargeymis í Langholtsfjalli.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **Heimild til lántöku.**

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða heimild til handa sveitarstjóra að ganga frá lántöku hjá Búnaðarbanka Íslands að fjárhæð kr. 20.000.000.- til 20 ára, með fjórum afborunum á ári. Vextir skuldabréfsins eru verðtryggðir breytilegir vextir, nú 7.75% og taka mið ákvörðun Seðlabanka Íslands um stýrivexti. Samið var við bankann um þessa lántöku snemma á árinu 2002 vegna byggingar leikskóla.

#### **Drög að samningi og vinnuferli við gerð símenntunaráætlunar.**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir vinnu sem hann hefur átt með fulltrúum Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands og Gunnari Þorgilssyni oddvita oddvitaráðs uppsveita Árnessýslu varðandi undirbúning þess að vinna við símenntunaráætlun sveitarfélaganna verði hafin. Fyrir liggja drög að vinnuáætlun og er kostnaður áætlaður kr. 168.000.-. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða áætlunina.

#### **Almennur sveitafundur 12. maí nk.**

Hreppsnefnd er sammála um að halda opinn sveitarfund mánudaginn 12. maí nk. Drög að dagskrá verði lögð fram á næsta fundi hreppsnefndar.

#### **Unnarholtskot 2 – forkaupsréttur.**

Fyrir liggur kaupsamningur þar sem Vignir Jónsson og Ásdís Bjarnadóttir kaupa Unnarholtskot 2 af Sparisjóðnum á Suðurlandi. Unnar Gíslason gerði stuttlega grein fyrir málinu. Hér vöktu Unnar Gíslason og Borgþór Vignisson athygli á vanhæfi sínu og véku af fundi. Hreppsnefnd er sammála um að falla frá forkaupsrétti. Hér mættu Unnar og Borgþór aftur á fund hreppsnefndar.

#### **Skipun í 17. júní nefnd.**

Hreppsnefnd er sammála um að skipa Halldóru Hjörleifsdóttur fulltrúa Hrunamannahrepps í 17. júní nefnd.

#### **Bréf Menntaskólans að Laugarvatni vegna afmælishátíðar skólans 12. apríl nk.**

Í bréfinu er sveitarstjórnarmönnum boðið til afmælishátíðar skólans. Hreppsnefnd þakkar Menntaskólanum að Laugarvatni boðið.

#### **Bréf Félagsmálaráðuneytisins 17. mars sl – Ný reglugerð Jöfnunarsjóðs.**

Bréfið lagt fram.

#### **Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnesinga 2003.**

Lagt fram.

#### **53. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **225. fundur stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands.**

Fundargerðin lögð fram.

Fundargerð upplesin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðar. Fundagerð samþykkt, fundi slitið kl. 17:00. Að loknum fundi fór hreppsnefnd í skoðunarferð í nýbyggingu leikskólans.

### **Atvinna Atvinna Atvinna**

Mig vantar vinnu í sumar, við almenn sveitastörf, garðyrkjustörf -- eða afleysingar á álagstímum.

Baldur Helgi Sími: 486-6446

**Borðstofuborð.**

Á ekki einhver borðstofuborð, sem hann er hættur að nota og vill endilega losna við úr geymslunni?

Á ennþá dálítið af útivistarfatnaði og hestavörum til sölu.

Sólveig Hallgrímsd.Sími:486-6502